

Númer: 79/2018

Dreifibréf til váttryggingafélaga

Reykjavík, 20. desember 2018

Tilvísun: 2017020009

Efni: Drög að reglum sem fella reglur nr. 689/2018 úr gildi.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 11/2018 sem inniheldur drög að nýjum reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800 frá 11. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB var innleidd í júní með reglum nr. 689/2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar. Í ljósi þess að nú hefur verið gefin út framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/633 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að gefa út nýjar reglur um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar og fella um leið reglur nr. 689/2018 úr gildi.

Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>


Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjöl berist eftirlitinu eigi síðar en 7. janúar 2019. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðum meðfylgjandi umræðuskjals. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Anna Mjöll Karlsdóttir



Guðrún Finnborg Þórðardóttir